



Borgarráð

### ***Tilnefning í ráðgefandi stefnuráð Markaðsstofu***

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilefna Gísla Brynjólfsson í stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

#### ***Greinargerð***

Á 548. fundi stjórnar SSH, hinn 12. desember 2022, samþykkti stjórn fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samningsdrög um stofnun sjálfseignarstofnunar, Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfarið var samningurinn staðfestur á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og hefur síðan verið unnið að undirbúningi stofnunar Markaðsstofu, og er stofnfundur hennar fyrirhugaður 3. apríl nk.

Í samstarfssamningnum er gert ráð fyrir stefnuráði, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 33/1999. Gert er ráð fyrir að 12 einstaklingar skipi ráðið og skulu 6 þeirra skipaðir af SSH en 6 af Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk stefnuráðs er að vera tengiliður milli stofnenda og samstarfsaðila Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. og stjórnar hennar, koma að stefnumótun og áætlanagerð og hafa eftirlit með starfseminni til samræmis við það sem kveðið er á um í samþykktum sjálfseignastofnunarinnar.

Eins og fyrr segir er SSH falið að tilnefna sex einstaklinga í stefnuráð er miðað við að tilnefning eins einstaklings berist frá hverju sveitarfélaganna. Því er lagt til að borgarráð samþykki að tilnefna Gísla Brynjólfsson fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri